

Foreldrafélag Framhaldsskólans á Húsavík

María Kristjánsdóttir formaður majakristjans@simnet.is

Benedikt Kristjánsson gjaldkeri ben.kr@simnet.is

Guðrún Kristinsdóttir ritari gudrunkris@borgarholsskoli.is

Ásgerður Arnarsdóttir meðstjórnandi asgerdura@simnet.is

Margrét Magnúsdóttir meðstjórnandi greta@borgarholsskoli.is

Hulda Jónsdóttir varamaður huldajoi@simnet.is

Guðrún Gísladóttir varamaður rilla@simnet.is

Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar þriðjudaginn 2. nóv 2010 haldinn í Framhaldsskólanum.

Allir stjórnarmenn voru mættir og byrjað var á að skipta verkum á milli manna og voru menn sammála því að María Kristjánsdóttir yrði formaður þar sem hún var sú eina er hélt áfram úr gömlu stjórninni. Benedikt var skipaður gjaldkeri og Guðrún Kristinsdóttir ritari, þær Ásgerður og Margrét eru meðstjórnendur en Hulda og Guðrún Gísla eru varamenn.

Aðalmenn í stjórn skipta því síðan á milli sín hver situr fundi skólanefndar fyrir hönd foreldra. Ákveðið var að fundartími okkar verði þriðji þriðjudagur í mánuði kl 17:15. Þetta gerum við vegna þess að skólanefndarfundir eru þriðji fimmtudagur í hverjum mánuði og okkur finnst gott að funda fyrir skólanefndarfundinn.

Laufey mætti á fundinn og við hrósuðum henni fyrir góða mætingu hjá kennurum frá síðasta fundi okkar sem var 20 okt þar sem foreldrar höfðu áhyggjur vegna mikilli veikinda kennara og báðum hana að koma fram þakklæti til þeirra. Einnig ræddum við facebook við hana og hvort búið væri að ákveða að loka á facebook í skólanum. Hún sagði okkur að þetta væri til umræðu á kennarafundi daginn eftir.

Rætt var um það að nú tækjum við höndum saman og færum að tala jákvætt um skólann foreldrar, kennarar og nemendur. Foreldrar vilja gjarnan fá einn póst frá umsjónarkennurum á önn. Einnig kom fram mikil ánægja með miðannarmatið þar sem kennarar höfðu skrifað smá umsögn við sína grein.

Það kom fram tillaga á fundinum að foreldrafélagið sjái um eina samverustund á vetri í samráði við nemendafélagið og var hún samþykkt einróma.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 16 nóv kl 17:15 þar sem skólanefndarfundur verður fimmtudaginn 18 nóv.

Fundi slitið Guðrún Kristinsdóttir